Þátttökuaðlögun

* **Aðlögun fyrir eldri 3-5 ára**

Dagur 1: Foreldri og barn koma kl: 9.00-11.00.
Dagur 2: Foreldri og barn koma kl: 8.00-15.00.
Ef vel gengur og barnið er sátt við veruna þá er foreldrum boðið að skreppa frá.

Að öðru leyti förum við eftir því hvaða þörf barnið hefur fyrir nærveru foreldranna.

Karellen

Er það kerfi sem við notum til að halda utan um allar skráningar um börnin og einnig skólagjöldin. Það er mjög auðvelt að nota og foreldrar eru hvattir til að ná sér í appið karellen, búa sér til aðgang og þar er auðvelt að fylgjast með nýjustu upplýsingum frá skólanum og einnig geta foreldrar þar merkt við barnið sitt ef það er veikt eða í leyfi, þar er hægt að sjá hvernig yngstu börnin sofa og borða og ýmislegt fleira gagnlegt.
Myndir af starfsfólki má finna á heimasíðunni http://hulduheimar.karellen.is/ Gott er að sýna barninu myndir af starfsfólkinu og spjalla við það um nýja leikskólann. Þegar síðan er alveg komin í gagnið munum við að setja inn myndir og annað skemmtilegt. Við erum með facebook síðu, **Hulduheimar Sel** sem við notum eingöngu til að setja inn tilkynningar. Þetta er lokaður hópur en foreldrar fá boð um að ganga í hópinn þegar barnið byrjar í skólanum.

Fatahólfið

* Við höfum ekki töskur í skólanum, Þær taka of mikið pláss og af þeim getur stafað slysahætta ef þær detta úr fatahólfum. Allur fatnaður sem gert er ráð fyrir að barnið noti í skólanum fer í hólfið og körfuna undir aukaföt.

* Í körfunni í eiga heima aukaföt : Þykk peysa, hlý húfa, þykkir og þunnir vettlingar, ullarsokkar, stígvél/kuldaskór og inniskór.

* Karfa/hólf fyrir aukafatnað eru á snyrtingunni. Þar þurfa að vera sokkar, nærbuxur, nærskyrtur, sokkabuxur, buxur, bolir og peysur.

* Aðgætið daglega að nægur fatnaður sé í til staðar því við eigum lítið af lánsfatnaði.

* **Allur fatnaður þarf að vera rækilega merktur því skólinn tekur ekki ábyrgð á ómerktum fatnaði.**

* Yngstu börnin koma með að heiman, kodda, teppi og „svefnfélaga“ í slökunarstundirnar. Snuð þarf að merkja með nafni barnsins. Þegar vantar bleiur er miði settur í hólf barnsins til áminningar.
* Við leggjum okkar af mörkum í umhverfisvernd og eitt af því er að við saumum poka úr gömlum bolum fyrir blautu og óhreinu fötin. Þess vegna er frábært ef gömlu bolirnir gætu rata til okkar svo börnin geti sjálf tekið þátt í að sauma poka.

Skólareglur

* Við óskum eftir því að börnin séu komin í skólann kl. 9.00 en þá hefjumst við handa.
* Barn sem ætlar að borða morgunmat þarf að mæta ekki síðar en 8.30.
* Fatahólf á að losa á föstudögum, allt sem tilheyrir barninu skal tekið heim svo hægt sé að þrífa hólfin.
* Leikföng að heiman má einungis koma með á dótadögum, nema það séu tengihlutir fyrir barnið í slökunarstund.
* Barn sem er að veikjast á ekki að koma í skólann því þá er smithætta mest.
* Lyf eru ekki gefin í skólanum nema gegn framvísun læknisvottorðs.
* Hafi barn mataróþol eða ofnæmi þarf vottorð frá lækni því til staðfestingar.
* Boðskortum í afmæli er ekki dreift í skólanum.

* **Ekki er í boði að tala í síma í fataherbergjum eða inni á deildum .**

Öryggi barna

* Munið að læsa alltaf útidyrum þegar þið gangið um þær.
* Vinsamlegast stöðvið alltaf bílvélina fyrir utan skólann.
* Lokið alltaf garðhliðinu á eftir ykkur.
* Látið vita ef barnið er fjarverandi vegna veikinda eða leyfa.
* Látið umsjónarkennara vita ef breytingar verða á grunnupplýsingum um barnið svo sem símanúmer, heimilisfang, netfang og breyttar heimilisaðstæður.
* Barni er ekki hleypt út úr skólanum nema foreldrar hafi látið starfsfólk vita hver sækir barnið ef það eru aðrir en foreldrar.
* Börn yngri en 12 ára hafa ekki leyfi til að sækja barnið.

Síminn á skrifstofu skólastjóra er 4623034

Beinn sími inn á deildir:

Tröllad eild: 5958034

Álfadeild: 5958032

Dvergadeild: 5958033

Eldhús: 5958031

* Aðaláhersla okkar er **„Lífsleikni í leikskóla“** og er ætlað að lita allt starf skólans. Í námsefninu eru teknar saman kenningar ýmissa fræðimanna sem snúa að mannrækt og siðferðilegu gildismati í samfélagi manna.
* Markmið lífsleiknikennslunnar er að efla siðferðisvitund barna og fullorðinna. Þetta gerum við í gegnum leik og vinnu með dygðir í þeim tilgangi að verða bæði góðar og fróðar manneskjur.

Lífsleikni

* **Agastefna** skólans byggir á SMT-skólafærni, sem vinnur að því að styrkja jákvæða hegðun með markvissum hætti og að skapa gott andrúmsloft í skólum. Námsefnið verður kynnt betur í aðlöguninni.

SMT

* **Hugarró—núvitund og hugleiðsla í leikskóla** er verkefni sem snýr bæði að starfsmönnum og börnum. Við lítum svo á að börn þurfi aukna ró í sitt daglega líf. Börn eiga að geta lifað í núinu og notið þess. Við viljum stuðla að því með því að gera dagskipulagið einfalt, uppbrotstímar verði sem fæstir og við lærum saman að ná ró í líkama og sál í gegnum öndunaræfingar, jóga og núvitund. Börnin verða í auknu mæli í minni hópum með sínum umsjónarkennara og vinna að því sem áhugi þeirra stendur til þann daginn í bland við verkefni sem kennarinn skipuleggur.

HULDUHEIMAR

Velkomin í Hulduheima-Sel

Einkunnarorð skólans eru:

Vellíðan - Við leggjum áherslu á að öllum líði vel hjá okkur, því ef manni líður vel eykur það tækifæri manns til að blómstra og dafna.

Virkni - Við viljum efla börnin í eigin námi og starfi, því börn læra best með því að gera sjálf.

Velferð - Við viljum stuðla að velferð barna með því að leggja góðan grunn svo að einstaklingarnir geti notið sín í lýðræðislegu samfélagi í framtíðinni.

Netfang:hulduheimar@akureyri.is

http://hulduheimar.karellen.is/